

Mosfellsbær  
Kristinn Pálsson  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 3. desember 2021  
UST202110-282/A.B.  
10.04.00

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og nýtt deiliskipulag - Helgafellshverfi - áfangi 5**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 28. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og nýju deiliskipulag fyrir Helgafellshverfi, áfanga 5.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felur í sér að fjölga leyfilegum íbúðum í suðurhlíðum Helgafells 302-Íb, úr 940 í 1.150 heildarfjölda íbúða innan svæðisins.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að þetta byggð, en mikilvægt er að huga að hvort þéttingin veldur álagi á nærliggjandi verndargildi svæðisins.

**Varmá**

Í greinargerð kemur fram í tilkynningarferli tengibrautar um Helgafellsland, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, að ofanvatn, sem safnast í regnvatnskerfi hverfisins, m.a. frá götum og plönum, verði hreinsað og skilað í Varmá í því skyni að lágmarka áhrif byggðarinnar á vatnabúskap og lífríki árinna.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um í deiliskipulagstillögunni hvernig hreinsun vatns innan hverfisins verði háttáð frá götum, plönum og bílastæðum í götu og inn á lóð.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að regnvatn sé hreinsað með blágrænum ofanvatnslausnum og mikilvægt að tryggt sé að mati stofnunarinnar að vatnið sé hreinsað áður en því er veitt í Varmá, tjarnir séu reglulega hreinsaðar og þeim vel við haldið og eftirlit sé gott.

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur